

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/179*  
*komudagur 22.10.2012*

Alþingi – nefndarsvið  
bt. velferðarnefndar  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 19. október 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lækningatæki, nr. 16/2001, með síðari breytingum (gjaldtaka, skráning, o.fl.) – 67. mál.**

Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að innflytjendur og framleiðendur lækningatækja skuli skrá þau tæki sem undir löggin falla hjá Lyfjastofnun. Öll eftirlitsskyld tæki skuli bera eftirlitsgjald sem innheimt skuli í tolli af innflutningi og af ríkisskattstjóra af innlendri framleiðslu.


Gert er ráð fyrir að þetta nýja gjald skili 42 milljónum króna á ári og er því ætlað að standa undir kostnaði Lyfjastofnunar við markaðseftirlit með lækningatækjum.

Ætla má að um 75% þeirra tækja sem frumvarp þetta tekur til séu seld til Landspítala - Háskólasjúkrahúss og annarra opinberra heilbrigðisstofnana. Opinberir aðilar eru því afgerandi stærsti kaupandi þessara vara. SVP vill sérstaklega benda á í þessu sambandi að í langflestum tilfellum byggjast samningar innflutningsfyrirtækja og heilbrigðisstofnana um lækningatæki á rammamningum eða öðrum sambærilegum langtímasamningum milli aðila. Lengd slíkra samninga er mismunandi, en þekkt eru dæmi um allt að sex ára gildistíma samninga af þessari gerð. Búast má við því að það verði ekki auðvelt að velta þeim aukna kostnaði sem hér er gerð tillaga um inn á þá samninga sem þegar eru í gildi. Að óbreyttu munu því þau fyrirtæki sem hlut eiga að máli þurfa að taka þennan viðbótarkostnað á sig. Slíkt getur engan veginn talist sanngjarnt.

Til lengri tíma litið verður að gera ráð fyrir að hið nýja gjald muni hafa áhrif á verð lækningatækja og er hægt að taka undir ábendingu fjármálaráðuneytisins þar um. Gjaldtakan mun því hafa íþyngjandi áhrif að fjárhag sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Samtökin leggja því til að kostnaður við markaðseftirlit lækningatækja, teljist slíkt eftirlit á annað borð nauðsynlegt, verði fjármagnaður með almennum hætti, þ.e. á fjárlögum.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP

  
Andrés Magnússon,  
framkvæmdastjóri.